

20. janúar 2017

Þetta hefti var endurútféið  
29. júní 2017 vegna villu

*This issue was republished 29  
June 2017 because of an error*

## Hagur veiða og vinnslu 2015

### *Profitability in fishing and fish processing 2015*

#### Samantekt

Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs hækkaði milli árana 2014 og 2015. Í fiskveiðum og -vinnslu hækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 24,3% í 27%, hækkaði í fiskveiðum úr 20,5% árið 2014 í 25,7% af tekjum árið 2015 og lækkaði í fiskvinnslu úr 14,2% í 13,5%.

Hreinn hagnaður (EBT) í sjávarútvegi, samkvæmt árgreiðsluáðferð, nam 17,5% árið 2015 samanborið við 15,1% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 45,4 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 24,4 milljarðar. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð er niðurstaðan 18,2% hagnaður 2015 eða 47,1 milljarður, samanborið við 15,1% hagnað árið 2014.

#### Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraráðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur í fiskveiðum og útflutningsverðmæti á sjávarafurðum. Áðferðin við úrvinnslu Hagstofu Íslands á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabil. Úrvinnslan er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga og geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja. Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti uppblásturinn orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum. Það þarf þó ekki að vera þannig þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin af þessu á niðurstöður eru líklega ekki mikil, enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um það bil 88% af veltu greinarinnar.

Þá hefur eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.

Í heftinu eru birt yfirlit um rekstur ársins 2015 sem eru færð upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2009–2015. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 898 fyrirtækja í



úrtaki Hagstofunnar árið 2015 auk dreifingar eiginfjárlutfalls í sjávarútvegi 2014–2015. Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðiárið 2015 voru veiddar á handfæri um 8.500 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 498 báta sem stunda aðallega strandveiðar en einhverjir þeirra stunda strandveiðar með öðrum veiðum árið 2015 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum. Að lokum er yfirlit yfir frystiskip sýnt í töflu 11 þar sem uppsjávarfrystiskip, 5 að tölu, eru dregin út úr rekstraryfirliti fyrir frystitogara sem veiða botnfisk.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraraðila en þær nægja ekki þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir.

### Niðurstöður

*EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu árið 2015  
27 % af tekjum*

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins jókst milli árana 2014 og 2015. Í fiskveiðum og –vinnslu hækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 24,3 í 27% og í fjárhæðum varð hlutdeildin tæpir 70 milljarðar. Í fiskveiðum hækkaði hún úr 20,5% árið 2014 í 25,7% árið 2015, varð tæpir 40 milljarðar og í fiskvinnslu lækkaði hún úr 14,2% í 13,5%, í rúma 30 milljarða.

*Hagnaður botnfiskveiða  
18% og botnfiskvinnslu  
10,3% af tekjum*

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og –vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluáðferð, jókst úr 18,5% af tekjum árið 2014 í 21,1% árið 2015. Hreinn hagnaður botnfiskveiða jókst úr 12,8% af tekjum í 18% en hagnaður botnfiskvinnslu dróst saman úr 13,2% af tekjum í 10,3%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og bræðslu fór úr 5,6% í 17,3%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegsins 17,5% af tekjum að frádrögnum milliviðskiptum með hráefni en var 15,2% árið 2014. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 45,4 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 24,4 milljarðar. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að frádrögnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum í íslenskum krónum hækkaði um 6,5% frá fyrra ári og verð á olíu í íslenskum krónum lækkaði að meðaltali um 17% á milli ára. Gengi dollarans styrkist um 12,9% en gengi evrunnar seig um 5,5% á milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarútvegs í heild jókst um 8,5%, og nam 265 milljörðum króna á árinu 2015, verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um rúm 7% og magn útfluttra sjávarafurða jókst um rúm 1%. Um 7800 manns starfaði við sjávarútveg í heild árið 2015 sem er um 4,2% af vinnuafli á Íslandi. Veiðigjald útgerðarinnar fór úr 9,2 milljörðum fiskveiðiárið 2012/2013 í 7,7 milljarða fiskveiðiárið 2014/2015. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði.

*EBITA uppsjávarfrystiskipa árið  
2015 var 17,7% af tekjum og  
uppsjávarveiðiskipa 21,5% af  
tekjum*

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu og uppsjávarfrystiskipa á árinu 2015. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 20,2% og uppsjávarfrystiskipa 17,7% af tekjum. EBITDA uppsjávarveiðiskipa var 21,5%. Uppsjávarafli árið 2015 var rúmlega 40% meiri en á árinu 2014 en verðið lækkaði í heildina um 7% á milli ára.

Ferskfiskvinnsla jókst í magni um 3,5% og verðið hækkaði um tæp 9% og verðmætið því um 13% hærra en árið 2014. Verg hlutdeild fjármagns var 5,8% og hreinn hagnaður 3% sem er nokkuð betri afkoma en árið 2014.

*EBITDA strandveiða 20,6% og smábáta 17,3%*

Afkoma smábáta batnaði árið 2015. Alls voru 911 smábátar að veiðum og öfluðu rúmlega 52 þúsund tonna að verðmæti rúmlega 7 milljarða. Af þessum 911 smábátum voru 498 bátar, flestir minni en 10 brúttótonn, við strandveiðar á árinu 2015. Afli þeirra var um 8.500 tonn og aflaverðmætið tæplega 2,3 milljarðar. EBITDA strandveiðanna árið 2015 var 20,6%. EBITDA annarra báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 17,3%. Þetta er betra afkoma smábáta en verið hefur síðan 2010. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

Lítill sem enginn munur er á afkomu sjávarútvegsins í heild árið 2015 þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluáðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 17,5% skv. árgreiðsluáðferðinni og 18,2% skv. hefðbundnu áðferðinni. Munurinn ef einhver er, stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gæti ekki þegar árgreiðsluáðferðin er notuð og hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er vert að geta þess að árgreiðslan felur í sér gjaldfærslu sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Við hefðbundar uppgjörsáðferðir er aftur á móti gjaldfærður vaxtakostnaður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé.

Hjá strandveiðibátum sýnir árgreiðsluáðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá váttryggingarverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há.

Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2015 en hún er innifalin í frýstingu vinnslunnar.

*Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2016 rúmir 220 milljarðar*

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2015 rúmir 590 milljarðar króna, heildarskuldir tæpir 370 milljarðar og eigið fé rúmir 220 milljarðar. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja, sem námu rúnum 8 milljörðum og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna hækkaði um 2,7% frá 2014 og fjárfestingar í varanlegum eignum hækkuðu um 11,8%. Skuldir lækkuðu um 4,9%. Eiginfjárhlutfallið reyndist 37,3% en var 32,3% í árslok 2014. Eiginfjárhlutfallið hefur vaxið úr engu í 37,3% síðastliðin 5 ár. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárhlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2014 og 2015.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

## English summary

Statistics Iceland has compiled and analyzed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2015 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total increased somewhat between 2014 and 2015 or from 15,1% to 17,5% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species increased from the year before or from 18,5% of revenue to 21,1%. Net profit of fishing of demersal species increased from 12,8% to 18% but net profit of processing of demersal species decreased from 13,2% to 10,3%. There were also an increase in net profit in fishing and processing of fishmeal and fishoil from 5,6% to 17,3%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 590 billion, liabilities are worth of ISK 370 billion and equity nearly ISK 220 billion.

Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland, [www.statice.is](http://www.statice.is).

**Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluáðferð og 6% ávöxtun**

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Hlutfall af tekjum	Percent of revenue	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>1.</b>	<b>Sjávarútvegur í heild<sup>1,2</sup></b>	<b>22,0</b>	<b>19,8</b>	<b>22,6</b>	<b>21,5</b>	<b>18,2</b>	<b>15,1</b>	<b>17,6</b>
<b>1.1</b>	<b>Veiðar og vinnsla botnfisks<sup>2</sup></b>							
	<i>Fishing and fish processing of demersal species<sup>2</sup></i>	<b>25,1</b>	<b>21,5</b>	<b>24,5</b>	<b>21,4</b>	<b>17,4</b>	<b>18,5</b>	<b>21,1</b>
<b>1.1.1</b>	<b>Botnfiskveiðar</b>	<b>18,3</b>	<b>15,9</b>	<b>16,7</b>	<b>15,2</b>	<b>10,3</b>	<b>12,8</b>	<b>18,0</b>
	<i>Fishing of demersal species</i>							
	Bátar	16,4	12,5	9,6	14,3	7,9	12,7	18,7
	Togarar	23,2	20,5	20,6	16,8	10,7	11,2	22,0
	Frystiskip	18,1	17,8	21,5	16,2	12,7	13,6	15,0
<b>1.1.2</b>	<b>Botnfiskvinnsla</b>	<b>18,7</b>	<b>15,3</b>	<b>19,6</b>	<b>16,1</b>	<b>14,7</b>	<b>13,2</b>	<b>10,3</b>
	<i>Processing of demersal species</i>							
	Frysting	13,5	14,9	22,1	18,7	16,0	17,6	14,5
	Söltun	24,4	15,8	13,9	10,2	11,2	3,3	1,6
<b>1.2</b>	<b>Veiðar og vinnsla rækju<sup>2</sup></b>	-	-	-	-	-	-	-
	<i>Fishing and processing of shrimp<sup>2</sup></i>							
<b>1.3</b>	<b>Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla<sup>2</sup></b>							
	<i>Fishing and processing of pelagic fish<sup>2</sup></i>	<b>26,1</b>	<b>31,0</b>	<b>29,9</b>	<b>36,1</b>	<b>25,2</b>	<b>5,6</b>	<b>17,3</b>

<sup>1</sup> Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. *Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.*

<sup>2</sup> Miðað er við tekjur greinanna alls að fráregnum millivíðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

**Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2015**

Table 2. Operating accounts of fishing 2015

Milljónir króna Million ISK	Bátar		Bátar		Bátar >200 b.t. Boats over 200 GT	Uppsjávar- veiðiskip Pelagic vessels	Ísfisk- togarar Fresh fish trawlers	Frysti- Togarar Freezer Trawlers
	undir 10 b.t. Boats less than 10 GT	10–200 b.t. Boats 10–200 GT						
	Alls Total							
<b>1. Tekjur alls Operating revenues</b>	<b>154.762</b>	<b>7.508</b>	<b>24.199</b>	<b>28.429</b>	<b>21.714</b>	<b>24.062</b>	<b>48.852</b>	
1.1 Seldur afli Catches	48.861	–	348	2.038	171	2.337	43.965	
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	101.263	7.037	22.906	25.741	20.014	21.310	4.254	
1.3 Aðrar tekjur Other income	4.639	471	944	649	1.529	414	632	
<b>2. Gjöld alls Operating expenses</b>	<b>115.018</b>	<b>6.106</b>	<b>16.576</b>	<b>20.283</b>	<b>17.056</b>	<b>16.880</b>	<b>38.117</b>	
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	41.003	1.379	5.518	7.399	5.474	6.247	14.985	
2.2 Önnur laun Other wages	4.192	345	482	691	213	859	1.602	
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	9.049	312	1.207	1.861	772	1.441	3.456	
2.4 Olíur Oil	14.364	714	2.210	1.822	2.683	2.347	4.586	
2.5 Veiðarfæri Fishing gear	4.101	231	255	548	1.191	559	1.317	
2.6 Viðhald Maintenance and repair	9.580	698	1.171	1.726	1.674	1.084	3.227	
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	1.106	–	–	–	–	–	1.106	
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	1.417	318	250	96	37	27	688	
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	1.962	1	174	316	203	333	936	
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	3.812	685	856	484	589	349	850	
2.11 Tryggingar Insurance	1.815	133	250	333	415	241	443	
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	2.067	2	190	505	36	612	722	
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	2.623	1	180	562	343	692	845	
2.14 Önnur gjöld Other expenses	17.928	1.286	3.836	3.940	3.425	2.087	3.355	
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>	<b>39.744</b>	<b>1.402</b>	<b>7.622</b>	<b>8.146</b>	<b>4.658</b>	<b>7.182</b>	<b>10.734</b>	
Share of capital, gross								
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	25,7	18,7	31,5	28,7	21,5	29,8	22,0	
4. Afskriftir Depreciation	7.023	668	958	1.278	1.938	693	1.487	
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	2.450	248	502	380	195	364	761	
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)</b>	<b>30.271</b>	<b>485</b>	<b>6.162</b>	<b>6.488</b>	<b>2.525</b>	<b>6.125</b>	<b>8.487</b>	
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	19,6	6,5	25,5	22,8	11,6	25,5	17,4	
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	16.325	1.205	1.785	2.920	4.699	1.883	3.833	
<b>8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)</b>	<b>23.419</b>	<b>197</b>	<b>5.837</b>	<b>5.226</b>	<b>-41</b>	<b>5.299</b>	<b>6.901</b>	
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	15,1	2,6	24,1	18,4	-0,2	22,0	14,1	

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2015 (frh.)  
Table 2. Operating accounts of fishing 2015 (cont.)

Milljónir króna Million ISK	Bátar undir 10 b.t. Boats less than 10 GT	Bátar 10–200 b.t. Boats 10–200 GT	Bátar >200 b.t. Boats over 200 GT	Uppsjávar- veiðiskip Pelagic vessels	Ísfisk- togarar Fresh fish trawlers	Frysti- togarar Freezer trawlers
<b>Upplýsingar um skip Characteristics of vessels</b>						
Fjöldi Fleet – number of vessels	1.309	911	266	58	24	24
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) Fleet – average GT	694	6	33	433	1.889	1.721
Skráð lengd (metrar – meðaltal) Fleet – average length	36	9	14	37	68	66
Vélarstærð (kW) Fleet - average kW	1.364	89	328	708	3.800	1.333
Meðalsmíðaár Fleet - building year	1988	1990	1993	1980	1989	1983
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna Insurance value, million ISK	136.784	10.096	14.958	24.465	39.371	15.775
<b>Afli (þúsund tonn) Volume (thousand tonnes)</b>	<b>1.319,4</b>	<b>52,5</b>	<b>93,1</b>	<b>124,9</b>	<b>595,4</b>	<b>117,8</b>
Þorskur Cod	244,2	16,5	56,0	70,7	0,1	64,9
Ýsa Haddock	40,7	1,3	13,2	11,9	0,0	6,8
Ufsi Saithe	48,2	1,6	2,1	8,2	0,0	17,5
Karfi Redfish	60,2	0,2	0,7	6,7	0,0	18,7
Humar Lobster	1,5	–	0,0	1,1	–	0,3
Rækja Shrimp	6,3	–	1,2	2,9	–	1,4
Síld Herring	70,0	6,8	0,0	0,1	43,4	0,1
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	44,0	2,4	–	0,0	31,0	0,0
Loðna Capelin	367,8	14,8	14,8	–	269,3	–
Kolmunni Blue withing	215,0	0,2	–	–	161,6	–
Makrill	168,3	4,0	2,8	2,6	89,4	3,0
Annað Other	53,3	4,6	2,3	20,7	0,5	5,1
<b>Verðmæti (milljónir kr.) Value (million ISK)</b>	<b>151.301</b>	<b>7.037</b>	<b>23.254</b>	<b>27.780</b>	<b>20.185</b>	<b>23.648</b>
Þorskur Cod	61.001	4.485	15.136	16.139	1	13.454
Ýsa Haddock	11.467	377	3.760	3.101	0	1.637
Ufsi Saithe	9.529	270	372	1.311	1	2.310
Karfi Redfish	13.985	6	184	1.432	1	4.046
Humar Lobster	805,4	–	40,9	578,6	–	185,9
Rækja Shrimp	2.975	0	500	1.410	–	652
Síld Herring	3.572	244	1	3	1.646	3
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	2.361	89,4	–	0	1.193	0
Loðna Capelin	12.662	545,2	–	–	9.415	–
Kolmunni Blue withing	5.666	2,4	–	–	4.306	–
Makrill	10.360	169,8	163	163	3.611	185
Annað Other	16.918	847	3.098	3.642	11	1.176

**Skýringar** Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 71% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 60% af tekjum báta 10–200 brúttótonn, 88% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 63% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 91% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 86% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafila. These operating accounts are of grossed up to anear complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 71%; boats 10-200 GRT 60%; boats over 200 GRT 88%; pelagic vessels 63%; fresh fish trawlers 91% and freezer trawlers 100% or 86% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.



**Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2015**

Table 3. Operating accounts of fish processing 2015

Milljónir króna Million ISK	Alls Total	Frysting Freezing	Söltun og hersla Salting and drying	Mjöl- og lýsisvinnsla Fish meal and oil	Ferskfisk- vinnsla Fresh fish processing
<b>1. Tekjur alls Operating revenues</b>	<b>222.808</b>	<b>94.087</b>	<b>45.095</b>	<b>39.725</b>	<b>43.901</b>
1.1 Útflutningstekjur Export products	210.024	87.516	40.976	38.990	42.541
1.2 Innanlandssala afurða Domestic sale of products	6.285	2.976	1.772	422	1.115
1.3 Seldur afli - Selt hráefni Domestic sale of fresh fish	4.774	2.902	1.858	–	14
1.4 Aðrar tekjur Other income	1.725	693	488	312	232
<b>2. Aðföng alls Intermediate consumption</b>	<b>160.228</b>	<b>62.468</b>	<b>35.482</b>	<b>29.153</b>	<b>33.125</b>
2.1 Hráefni Raw material	125.167	49.151	27.233	22.935	25.848
2.2 Rafmagn Electricity	3.782	980	593	1.778	430
2.3 Olíur Oil	824	76	25	678	45
2.4 Tryggingar Insurance	361	122	88	110	41
2.5 Umbúðir Packaging	7.625	3.172	2.139	412	1.902
2.6 Flutningskostnaður Transportation costs	4.830	1.407	1.289	334	1.799
2.7 Viðhald Maintenance and repair	7.059	2.872	974	1.919	1.293
2.8 Önnur aðföng Other intermediate consumption	10.580	4.688	3.141	985	1.766
<b>3. Vinnsluvirði Value added (3.=1.-2.)</b>	<b>62.580</b>	<b>31.620</b>	<b>9.612</b>	<b>10.572</b>	<b>10.776</b>
4. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	31.582	14.156	7.053	2.285	8.088
5. Skattar á framleiðslu Taxes on production	956	469	112	252	123
<b>6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)</b>	<b>30.042</b>	<b>16.994</b>	<b>2.447</b>	<b>8.035</b>	<b>2.566</b>
<i>Share of capital, gross</i>					
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	<b>13,5</b>	<b>18,1</b>	<b>5,4</b>	<b>20,2</b>	<b>5,8</b>
7. Afskriftir Depreciation	5.775	2.381	1.129	1.350	915
8. Rekstrarafgangur Operating surplus (8=6.-7.)	24.267	14.614	1.318	6.685	1.650
9. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	7.250	2.969	2.118	897	1.266
<b>10. Hreinn hagnaður (EBT) Net profit (10.=8.-9.)</b>	<b>17.018</b>	<b>11.645</b>	<b>-800</b>	<b>5.788</b>	<b>384</b>
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	7,6	12,4	-1,8	14,6	0,9
11. Árgreiðsla (6%) Imputed cost of capital, 6%	8.047	3.357	1.611	1.843	1.236
<b>12. Hreinn hagnaður Net profit (12.=6.-11.)</b>	<b>21.995</b>	<b>13.637</b>	<b>836</b>	<b>6.193</b>	<b>1.329</b>
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	9,9	14,5	1,9	15,6	3,0

**Skýringar** Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 84% af útflutningi landfrysts botnfisks, 63% af útflutningi botnfisksöltunar, 100% af útflutningi mjölvinnslu og 74% af útflutningi ferskra afurða, sem gerir um 88% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talinn með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. These operating accounts are grossed up to a complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 84%; Salted fish 63%; fish freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.



**Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2009–2015**

Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2009–2015

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>1. Veltufjármunir <i>Current assets</i></b>	<b>103.812</b>	<b>97.356</b>	<b>104.584</b>	<b>113.601</b>	<b>104.667</b>	<b>107.147</b>	<b>104.340</b>
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	43.693	36.528	36.246	31.933	37.171	28.776	28.543
1.2 Viðskiptakröfur <i>Business claims</i>	36.378	34.647	40.318	46.624	41.200	41.432	38.158
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	21.211	20.019	23.296	31.038	23.785	27.891	32.760
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	2.530	6.162	4.724	4.006	2.512	9.048	4.879
<b>2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i></b>	<b>437.501</b>	<b>405.143</b>	<b>442.426</b>	<b>421.490</b>	<b>425.155</b>	<b>466.844</b>	<b>485.403</b>
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur <i>Investments and long term claims</i>	102.394	87.462	108.521	64.299 <sup>1</sup>	79.675	81.030	78.061
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	115.157	109.980	109.010	125.578	118.318	137.085	153.292
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	219.950	207.701	224.896	231.613	227.162	248.729	254.050
<b>3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i></b>	<b>541.313</b>	<b>502.498</b>	<b>547.221</b>	<b>535.091</b>	<b>529.822</b>	<b>573.992</b>	<b>589.744</b>
<b>4. Skuldir <i>Debts</i></b>	<b>541.783</b>	<b>473.717</b>	<b>442.899</b>	<b>428.730</b>	<b>380.480</b>	<b>388.568</b>	<b>369.556</b>
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	146.690	114.591	113.856	106.075	98.138	129.816	104.659
4.2 Langtímaskuldir <i>Long term liabilities</i>	395.093	359.125	329.043	322.654	282.341	258.752	264.897
<b>5. Eigið fé <i>Equity</i></b>	<b>-470</b>	<b>28.782</b>	<b>104.322</b>	<b>106.361</b>	<b>149.342</b>	<b>185.424</b>	<b>220.188</b>
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	0,71	0,94	0,92	1,07	1,07	0,83	1,00
7. Eiginfjárhlutfall <i>Equity ratio</i>	-0,1	10,5	19,1	19,9	28,2	32,3	37,3

**Skýringar** Notes: Efnahagsyfirlit er unnið úr samræmdu skattframtali rekstraraðila 2009–2015. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities.

<sup>1</sup> Hér verða tilfærslur upp á rúma 8 milljarða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum. More than 8 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.

**Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2015**

Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2015

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
<b>Alls Total</b>	<b>32</b>	<b>100</b>	<b>2.500</b>
<0	11	2,1	552
0–5	7	16,6	1.901
5–10	5	17,2	1.962
10–15	6	7,9	3.141
15–20	4	9,8	1.969
20–25	2	20,3	5.422
>25	6	26,1	3.482

**Skýringar** Notes: Deildir sem frystu botnfisk 2015. *Establishments freezing demersal species in 2015.*

**Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2015**

Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2015

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
<b>Alls Total</b>	<b>25</b>	<b>100,0</b>	<b>1.021</b>
< -5	6	19,9	848
-5–0	2	0,8	101
0–5	8	47,1	1.503
5–10	4	15,6	993
10–15	3	9,9	841
15–20	–	–	–
20–25	–	–	–
>25	2	6,7	858

**Skýringar** Notes: Deildir sem söltuðu botnfisk 2015. *Establishments salting demersal species in 2015.*

**Tafla 7. Dreifing afkomu 898 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2015**

Table 7. Profit distribution of 898 enterprises in fishing and fish processing 2015

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum <i>Net profit as a percentage of revenue</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki,% <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, millj. kr. <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>	Hlutfall tekna af útgerð,% <i>Share of fishing in total revenue, %</i>	Hlutfall tekna af út- gerð frysti- togara,% <i>Share of freezer trawlers in total rev., %</i>	Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum,% <i>Gross share of capital as a perc. of revenue,%</i>	Eiginfjár- hlutfall,% <i>Equity ratio,%</i>
<b>Alls Total</b>	<b>898</b>	<b>100,0</b>	<b>364</b>	<b>43,9</b>	<b>12,9</b>	<b>18,8</b>	<b>38,7</b>
< -10%	269	0,9	11	84,5	0,0	-10,7	14,7
-10 - -5%	49	0,8	52	49,4	–	1,3	23,3
-5 - 0%	80	5,9	240	6,9	–	2,4	38,2
0 - 5%	198	14,6	240	34,8	–	9,8	19,7
5 - 10%	53	5,1	315	70,3	57,0	14,1	38,4
10 - 15%	60	25,7	1.399	44,6	7,6	20,9	38,4
15 - 20%	31	21,2	2.232	43,3	13,7	20,8	46,0
20 - 25%	45	21,3	1.543	42,5	17,1	25,0	58,7
> 25%	113	4,6	133	87,1	–	32,5	29,1

**Skýringar** Notes: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfsemi hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

**Tafla 8. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2014–2015**Table 8. *Distribution of equity ratio 2014–2015, all enterprises in the sample*

Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- hlutfall, % <i>equity ratio, %</i>	Hlutdeild í eignum, % <i>Share of total assets, %</i>	Hlutdeild í tekjum, % <i>Share of operating revenue, %</i>
<b>2015</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>940</b>	<b>46,6</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
< -100	110	-168,5	0,6	1,9
-75– -100	24	-84,2	0,2	0,9
-50– -75	41	-64,3	0,1	0,1
-25– -50	37	-33,6	0,6	0,7
0– -25	230	5,8	18,3	22,9
0–25	145	39,2	39,3	39,4
25–50	109	62,0	21,4	27,4
50–75	146	94,6	19,3	6,5
>75	98	144,5	0,1	0,1
<0	442	-2,4	19,8	26,6
0>	498	58,7	80,2	73,4
<b>2014</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>923</b>	<b>33,5</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
< -100	110	-168,4	1,0	2,8
-75– -100	23	-82,2	0,3	0,2
-50– -75	43	-63,6	0,4	1,1
-25– -50	53	-26,8	2,2	2,6
0– -25	107	-9,8	9,6	8,1
0–25	146	13,9	12,6	13,2
25–50	127	39,5	48,0	43,4
50–75	96	57,0	20,9	22,0
>75	218	92,5	4,9	6,7
<0	336	-27,3	13,5	14,7
0>	587	43,0	86,5	85,3

**Skýringar** Notes: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

**Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2015**

Table 9. Operating accounts of fishing and fish processing 2015

Milljónir króna Million ISK	Fiskveiðar Fishing	Fiskvinnsla Fish processing	Sjávarútvegur alls <sup>1</sup> Fishing industry <sup>1</sup>
<b>1. Tekjur alls Operating revenues</b>	<b>154.762</b>	<b>222.808</b>	<b>258.884</b>
1.1 Útflutningstekjur Export products	48.861	210.024	258.884
1.2 Seldur afli – Selt hráefni Domestic sale of fresh fish	101.263	11.059	–
1.3 Aðrar tekjur Other income	4.639	1.725	0
<b>2. Aðföng alls Operating expenses</b>	<b>58.813</b>	<b>160.228</b>	<b>100.355</b>
2.1. Hráefni Raw material	–	125.167	6.481
2.2 Rafmagn Electricity	–	4.606	4.606
2.3 Olíur Oil	14.364	–	14.364
2.4 Tryggingar Insurance	1.815	361	2.176
2.5 Umbúðir Packaging	1.106	7.625	8.731
2.6 Flutningskostnaður Transportation costs	1.417	4.830	6.247
2.7 Viðhald Maintenance and repair	9.580	7.059	16.639
2.8 Veiðarfæri Fishing gear	4.101	–	4.101
2.8 Önnur aðföng Other intermediate consumption	26.430	10.580	37.010
<b>3. Vinnsluvirði Value added (3=1.-2.)</b>	<b>95.949</b>	<b>62.580</b>	<b>158.529</b>
4. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	56.205	31.582	87.787
5. Skattar á framleiðslu Taxes on production	–	956	956
<b>6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)</b>			
Share of capital, gross	<b>39.744</b>	<b>30.042</b>	<b>69.786</b>
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	<b>25,7</b>	<b>13,5</b>	<b>27,0</b>
7. Afskriftir Depreciation	7.023	5.775	12.798
8. Rekstrarafgangur Operating surplus (8.=6.-7.)	32.721	24.267	56.988
9. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	2.450	7.250	9.699
<b>10. Hreinn hagnaður (EBT) Net profit (10.=8.-9.)</b>	<b>30.271</b>	<b>17.017</b>	<b>47.288</b>
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	19,6	7,6	18,3
11. Árgreiðsla 6% Imputed cost of capital 6%	16.325	8.047	24.372
<b>12. Hreinn hagnaður Profit (13.=6.-11.)</b>	<b>23.419</b>	<b>21.995</b>	<b>45.414</b>
Hlutfall af tekjum Percentage of revenue	15,1	9,9	17,5

<sup>1</sup> Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.

**Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2015**

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2015

Milljónir króna Million ISK	Samtals <sup>1</sup> Total Boats less than 10 GRT	Par af: <sup>2</sup> Strandveiði- siglingar Costal fishing	Bátar undir 10 brl. Boats less than 10 GRT
<b>1. Tekjur alls Operating revenues</b>	<b>7.508</b>	<b>3.182</b>	<b>4.325</b>
1.1 Seldur afli Catches	–	–	–
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	7.037	2.970	4.066
1.3 Aðrar tekjur Other income	471	212	259
<b>2. Gjöld alls Operating expenses</b>	<b>6.106</b>	<b>2.528</b>	<b>3.577</b>
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	1.379	703	676
2.2 Önnur laun Other wages	345	–	345
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	312	128	184
2.4 Olíur Oil	714	225	489
2.5 Veidarfæri Fishing gear	231	116	115
2.6 Viðhald Maintenance and repair	698	292	407
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	318	135	183
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	0,8	–	–
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	685	295	390
2.11 Tryggingar Insurance	133	25	108
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	1,8	–	1,8
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	1,1	–	1,1
2.14 Önnur gjöld Other expenses	1.286	609	677
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>	<b>1.402</b>	<b>654</b>	<b>748</b>
Share of capital, gross			
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	18,7	20,6	17,3
4. Afskriftir Depreciation	668	271	397
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	248	71	178
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)</b>	<b>485</b>	<b>312</b>	<b>173</b>
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	6,5	9,8	4,0
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.205	663	542
<b>8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)</b>	<b>197</b>	<b>-9</b>	<b>207</b>
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	2,6	-0,3	4,8

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2015 (frh.)  
 Table 10. *Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2015 (cont.)*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals <sup>1</sup> <i>Total Boats less than 10 GRT</i>	Þar af: <sup>2</sup> <i>Strandveiði- siglingar Costal fishing</i>	Bátar undir 10 brl. <i>Boats less than 10 GRT</i>
<b>Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i></b>			
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	911	498	413
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	6	5	6
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	9	8	9
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	89	111	67
Meðalsmíðaár <i>Fleet – building year</i>	1990	1987	1993
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	10.096	4.848	5.248
<b>Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i></b>			
Þorskur <i>Cod</i>	16,5	7,6	8,9
Ýsa <i>Haddock</i>	1,3	0,0	1,3
Ufsi <i>Saithe</i>	1,6	0,8	0,8
Karfi <i>Redfish</i>	0,2	0,1	0,1
Annað <i>Other</i>	32,9	0,0	32,9
<b>Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i></b>			
Þorskur <i>Cod</i>	4.485	2.094	2.391
Ýsa <i>Haddock</i>	377	12	365
Ufsi <i>Saithe</i>	270	127	143
Karfi <i>Redfish</i>	6	20	11
Annað <i>Other</i>	1.898	3	1.870

<sup>1</sup> Hér eru taldar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. *Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included.*

<sup>2</sup> Rekstraryfirlit 498 strandveiðibáta. *The operating accounts of 498 costal boats.*



**Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2015**

Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2015

Milljónir króna Million ISK	Samtals Frystitogarar <sup>1</sup> Total freezer trawlers <sup>1</sup>	Uppsjávar- frystiskip <sup>2</sup> Pelagic freezer trawlers <sup>2</sup>	Frystitogarar Demersal freezer trawlers
<b>1. Tekjur alls Operating revenues</b>	<b>48.852</b>	<b>11.159</b>	<b>37.693</b>
1.1 Seldur afli Catches	43.965	11.098	32.867
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	4.254	–	4.254
1.3 Aðrar tekjur Other income	632	60	572
<b>2. Gjöld alls Operating expenses</b>	<b>38.117</b>	<b>9.178</b>	<b>28.939</b>
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	14.985	3.320	11.665
2.2 Önnur laun Other wages	1.602	540	1.062
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	3.456	643	2.813
2.4 Olíur Oil	4.586	1.291	3.295
2.5 Veidarfæri Fishing gear	1.317	487	830
2.6 Viðhald Maintenance and repair	3.227	871	2.355
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	1.106	267	839
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	688	7	681
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	936	195	741
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	850	69	781
2.11 Tryggingar Insurance	443	168	275
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	722	200	522
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	845	225	620
2.14 Önnur gjöld Other expenses	3.355	894	2460
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>	<b>10.734</b>	<b>1.980</b>	<b>8.754</b>
Share of capital, gross	22,0	17,7	23,2
Hlutfall af tekjum Percent of revenue			
4. Afskriftir Depreciation	1.487	1.330	157
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	761	-109	869
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)</b>	<b>8.487</b>	<b>759</b>	<b>7.728</b>
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	17,4	6,8	20,5
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	3.833	1.205	2.628
<b>8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)</b>	<b>6.901</b>	<b>775</b>	<b>6.126</b>
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	14,1	6,9	16,3

Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2015 (frh.)

Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2015 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals frystitogarar <sup>1</sup> <i>Total freezer trawlers<sup>1</sup></i>	Uppsjávar- frystiskip <sup>2</sup> <i>Pelagic freezer trawlers<sup>2</sup></i>	Frystitogara <i>Demersal freezer trawlers</i>
<b>Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i></b>			
Fjöldi <i>Fleet - number of vessels</i>	24	5	19
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	1.721	2.507	1.599
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	66	81	63
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	3.204	5.823	2.670
Meðalsmíðaár <i>Fleet – Building year</i>	1989	1999	1987
Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) <i>Insurance value (million ISK)</i>	32.118	10.304	21.814
<b>Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i></b>	<b>362,0</b>	<b>196,9</b>	<b>138,8</b>
Þorskur <i>Cod</i>	36,0	0,0	36,0
Ýsa <i>Haddock</i>	7,4	–	7,4
Ufsi <i>Saithe</i>	18,8	–	18,8
Karfi <i>Redfish</i>	33,9	0,0	33,9
Humar <i>Lobster</i>	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	0,8	–	0,8
Síld <i>Herring</i>	19,6	18,6	1,0
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	10,5	10,0	0,6
Loðna <i>Capelin</i>	95,1	68,8	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	53,1	53,1	0,0
Makríll <i>Mackerel</i>	66,5	46,1	20,5
Annað <i>Other</i>	20,2	0,4	19,8
<b>Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i></b>	<b>49.397</b>	<b>10.037</b>	<b>39.361</b>
Þorskur <i>Cod</i>	11.786	0	11.786
Ýsa <i>Haddock</i>	2.593	–	2.593
Ufsi <i>Saithe</i>	5.264	–	5.264
Karfi <i>Redfish</i>	8.317	0	8.317
Humar <i>Lobster</i>	–	–	–
Rækja <i>Shrimp</i>	413	–	413
Síld <i>Herring</i>	1.675	1.563	112
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	1.078	1.009	69
Loðna <i>Capelin</i>	2.702	2.702	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	1.358	1.358	1
Makríll <i>Mackerel</i>	6.067	3.397	2.670
Annað <i>Other</i>	8.144	8	8.136

<sup>1</sup> Hér eru taldar veiðar allra frystitogara sem frysta meira en 50%. *Included here are all freezer trawler that freeze more than 50%.*<sup>2</sup> Rekstraryfirlit 5 uppsjávarfrystiskipa. *The operating accounts of 5 pelagic freezer trawlers.*

**Hagtíðindi** **Sjávarútvegur**  
**Statistical Series** **Fisheries**

102. árg. • 1. tbl.  
ISSN 1670-4770

20. janúar 2017 [Endurútgafið 29. júní 2017 *Republished 29 June 2017*]

Umsjón *Supervision* Gyða Þórðardóttir • [gyda.thordardottir@hagstofa.is](mailto:gyda.thordardottir@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) [www.statics.is](http://www.statics.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*